

Raforkumálastjóri,
Jarðhitadeild.

SKÝRSLA UM ATHUGANIR VARÐANDI NEYZLUVATN FYRIR BÚÐARDAL
Í DALASÝSLU

Eftir

Jón Jónsson

Ágúst 1964

28.8.64

Inngangur

Þann 19/6 s.l. athugaði sé er þetta skrifar aðstæður til borana eftir neysluvatni fyrir Búbardal. Fer hér á eftir greinargerð fyrir þeim athugunum og niðurstöðum af þeim.

Berggrunnur

Að svo miklu leyti sem vitað er, er berggrunnur á því svæði sem hér er um að ræða, tertiert basalt, þ.e.a.s. hraun, sem runnið hafa á tertier tímabilinu og eru vantanlega fest komin frá sprungugosum.

Þessi hraun eru það gömul að holur og sprungur í þeim eru fyrir löngu orðnar fullar af minerölum, sem fallið hafa út í þeim. Sama gildir um millilög milli basaltlaganna.

Reynslan hefur sýnt að hið tertiera berg er yfirleitt mjög þétt og því litlir möguleikar að vinna úr því svo nokkru nemi af köldu vatni til neyslu. Það er því ekki talið ráðlegt að bora eftir köldu vatni í þessa bergmyndun.

Hin lausu jarðlög

Það má yfirleitt segja að lítið kveði að yfirborðslögum í nágrenni Búbardals nema í Laxárdal. Af þeim orsökum, og svo því, að þar er núverandi vatnsból þorsþins, beindust athuganirnar aðallega að Laxárdal. Inn eftir dalnum að sunnanverðu ganga allmiklir hjallar úr sandi, leir og mál. Þessi myndun á vafalaust ratur að rekja til þess tíma er sjór stóð hærra en nú og náði langt inn eftir dalnum, en það hefur vantanlega verið í lok ísaldar. Sjávarskeljar koma fyrir í þessum bökkum.

Við nánari athugun kom í ljós að malarás virðist liggja eftir dalnum endilöngum, en hann er hulinn leir og sandlögum þeim sem áður er getið, þegar neðar kemur í dalinn. Malarásar af þessu tagi hafa myndast í og framan við jökulöng, sem jökulár ísaldarinnar runnu í. Ásarnir eru því yfirleitt úr grófu efni, hnullungagrjóti, mál og sandi. Þeir leisa því vatn mjög vel, enda eru malarásar aðal vatns-gjafar fyrir ýmsa stórbæji í Svíþjóð svo sem fyrir Stockholm, Uppsala, Västerås o.fl.

Ásinn í Laxárdal má sjá við ána skammt neðar en vatnsbólís er nú, og hefur áin þar skorið gegnum hann. Líklegt virðist að lind sú sem nú er notuð komi einmitt úr ísnum. Lítil lind, sem kemur út úr malarbrekku rétt fyrir ofan brúna á Laxá á líklega líka rettur að rekja til ássins, sem að því er virðist kemur þar fram líka.

Það virðist líklegt að vinna megi verulega meira vatn með því að bora í ásinn og deila vatninu úr honum.

Vandinn er þá að finna ásinn þar sem hann er hulinn leir og sandlögum ásamt jarðvegi, en ásar eru oftast nær mjög krókóttir.

Ein möguleiki væri að kanna fyrir með litlum léttum bor hver mál er undir áður en stærri bor er settur í að bora eftir vatni fyrir alvöru. Slíka bora (Borrow) hafa Jarðboranir ríkisins til umráða. Hætt er við að hafa verði jarðfræðing með í ráðum við slíka könnun.

Niðurstaðan verður því sú að ráðlegt er talið að reyna að finna malarásinn sem næst núverandi vatnsbólí og ef það heppnast, bora í hann með stærri bor og freista þess að ná meira vatni með deilingu.

Takist ekki að afla nægilega mikils vatns á þennan hátt, verður ekki annað séð en að verulegir öruggleikar verði á að finna öruggt framtíðar vatnsból fyrir Bðárdal, og líkast að sækja verði vatnið mikið innar í Laxárdalinn eða inn fyrir Glerá.